



JÖKLAR Á ÍSLANDI Í FORNÖLD

(1916)

Í Andvara 1916 er löng og fróðleg ritgerð eftir prófessor Þorv. Thoroddsen um veðráttu og landkosti á Íslandi í fornöld o. fl.

Prófessor Þorvaldur gerir, að því er ég hygg, of lítið úr breytingum þeim, sem orðið hafa hér á loftslagi síðan landið byggðist. Jöklarnir í fornöld — segir höf., bls. 76 — hafa að öllu verulegu haft sömu takmörk eins og nú. En þetta er óefað ekki rétt; jöklar virðast vera til muna stærri nú en þeir voru á landnámstíð og fram á 13. öld.

Saga Markarfljóts virðist sýna þetta glögglega. Í fornöld virðist Þverá ekki hafa verið til, og nafnið á Affallinu bendir til þess, að sú kvísl hafi ekki fallið úr fljótinu, þegar menn sáu það fyrst. Af Egils sögu, 23. kap., má sjá, að Rangá (ytri) hefir á landnámstíð runnið alla leið til sjávar, og svo var enn, þegar Egils saga var rituð, sennilega á fyrri hluta þrettánda aldar. Örnefnið Rangársandur, sem á ekki við nú, er sjálfsagt frá þeim tíma, er Rangá féll allt í sjó fram.

Það virðist augljóst, að Markarfljót hefir þurft að vaxa mjög mikið til þess að leggja Rangárnar undir sig. En hinn mikli vöxtur Markarfljóts stafar óefað af því, að jöklarnir, sem fljótið kemur úr, hafa vaxið til muna. Vatnanöfn austar benda í sömu átt; engum kæmi til hugar nú á dögum að kalla Jökulsá á Sólheimasandi eða Hverfisfljót læki, eins og áður var gert. Að

Skeiðará ræður nú nafninu á sandinum en ekki Lómagnúpur, eins og til forna, kemur sjálfsagt af því, að áin óx svo mjög að sandsins varð ekki minnzt svo, að áin kæmi ekki í hugann miklu fremur en gnúpurinn, svo svipmikill sem hann er. Þegar farartálmi fór að verða að ánni, hafa menn farið að kenna sandinn við hana.

Þá má enn minna, ef til vill, á Þórsmörk, sem nú eru aðeins litlar leifar eftir af, og á skóginn breiða, sem Breiðamerkurjökull tekur nafn af; er þar nú skóglaut með öllu. Prófessor Þorvaldur virðist ætla, að jökulsárnar séu vatnsmeiri, þegar jöklarnir eru minni; kennir þar misskilnings nokkurs hjá hinum mikla lærdómsmanni; efnið er flóknara en í fyrstu sýnist.

Jökulsárnar voru minni í fornöld, samtímis því sem menn fengust við kornyrkju sums staðar þar, sem nú er full erfitt að rækta kartöflur, en byggð var talsverð sums staðar þar, sem nú er afréttur. Loftslag var óefað þá ekki verra en það er nú, heldur að öllum líkindum betra. Fleira um þetta efni má lesa í greinum mínum um loftslag á Íslandi í fornöld, Morgunblaðið 15. júlí og 23. september, Reykjavík 1915.